

10. gr.

Um uppgjör og skil innheimtumanna staðgreiðslu skv. 5. gr. skulu gilda almenn fyrir-
mæli til innheimtumanna um uppgjör og skil. Ríkisféhirði er heimilt að gefa innheimtu-
mönnum staðgreiðslu nánari fyrirmæli um uppgjör og skil á hluta ríkissjóðs.

11. gr.

Dagleg afstemming gíróreiknings sbr. 2. gr. er í höndum ríkisbókhalds.

12. gr.

Inn á gíróreikninga staðgreiðslu og tryggingagjalds er óheimilt að færa fjármuni sem
ekki eru staðgreiðslu eða tryggingagjaldi viðkomandi.

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 45/1987, um stað-
greiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 113/1990, um trygginga-
gjald, öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 183/1990, um skil á stað-
greiðslu, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um tryggingar fasteigna-
fyrirtækja og skipasala nr. 613 3. nóvember 1997.**

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðast svo:

Trygging skal nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildar-
fjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingaárs skal nema minnst 10.000.000 kr. Trygg-
ingafjárhæðir skulu miðast við vísitölu neysluserðs 181,3 og breytast 1. október ár hvert í
samræmi við breytingar á vísitölunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. og 17. gr. laga um fasteigna-, fyrirtækja
og skipasölu, nr. 54 22. maí 1997 og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Sigrún Jóhannesdóttir.